
 <p><i>Fjórðungssamband Vestfirðinga</i></p>	 <p>Sóknaráætlun landshluta 5-7 verkefni Forgangsröðun</p> <p>Fjórðungssamband Vestfirðinga Albertína Fr. Elíasdóttir Fjórðungsþing 3. sept. 2011 Bolungarvík</p>
<p><b>Vinnulag</b></p> <p><b>Samráðsfundur hagsmunaaðila - 29. júní 2011</b> Vestfjörðum skipt niður í 3 svæði Hvert svæði skilar inn hugmyndum</p> <p><b>Samráðsfundur hagsmunaaðila - 18. ágúst 2011</b> Hvert svæði kynnir sínar hugmyndir Fjórðungssamband Vestfirðinga kynnir almennar hugmyndir</p> <p><b>Forgangsröðun á Fjórðungsþingi - 3. sept. 2011</b> Hugmyndum forgangsraðað 1.-7. eftir punktakerfi</p>	<p><b>Viðmið verkefnisins Ísland 2020</b></p> <p>Sóknaráætlunir landshluta feli í sér forgangsröðun og tillögugerð sem taki m.a. til:</p> <ol style="list-style-type: none"><li>1. Gerðar svæðisskipulagsáætlunar sem skilgreini stefnu um landnotkun á hverju svæði.</li><li>2. Áætlunar um eflingu sveitarfélaga með auknum verkefnum, samvinnu og sameiningu.</li><li>3. Áætlunar um sjálfbæra nýtingu orku, auðlinda og afurða á viðkomandi svæði.</li><li>4. Áætlunar um uppbyggingu grunnnets samgangna um land allt sem verði lokið fyrir árið 2020.</li><li>5. Áætlunar um samgöngumiðstöðvar í hverjum landshluta og eflingu almenningssamgangna innan svæða út frá þeim.</li><li>6. Stefnu um öruggt aðgengi að háhraðafjarskiptum um land allt.</li><li>7. Stuðnings við klasasamstarf fyrirtækja þar sem skilyrði eru fyrir hendi.</li><li>8. Einföldunar og endurskipulagningar á stoðkerfi atvinnu- og byggðarþróunar á viðkomandi svæði.</li><li>9. Vinnu- og menntaáætlanir viðkomandi svæðis sem taki mið af þörfum beggja kynja.</li><li>10. Stefnu um samstarf milli menntastofnana annars vegar og þekkingar- og nýsköpunarmiðstöðva hins vegar á hverju svæði.</li><li>11. Menningar- og ferðamálastefnu fyrir viðkomandi svæði.</li><li>12. Eflingar rafrænnar þjónustu og endurskipulagningar á opinberri þjónustu á hverju svæði.</li></ol>
<p><b>Punktakerfi - tillaga</b></p> <p>Allir punktar gilda jafnt og fá fulltrúar punkta skv. atkvæðavægi og vogtölu, samanber lög FV. Heildafjöldi punkta er 198. Punktar fylgja umboði. Hægt að deila punktunum niður á margar hugmyndir. Hægt að láta alla punktana sína á eina hugmynd.</p>	<p><b>Sókn í samgöngum Vestfjarða 1. sæti forgangsröðunar</b></p> <p>Markmið: Bæta grunnnet samgangna á Vestfjörðum með þeim tilgangi að snúa við þeirri neikvæðu byggðarþróun sem hefur átt sér stað á Vestfjörðum síðustu áratugi. Útfærsla: Að verkefni á Vestfjörðum séu sett í forgang í samgönguáætlun ríkisins.</p> <p>Viðmið:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>Áætlunar um uppbyggingu grunnnets samgangna um land allt sem verði lokið fyrir árið 2020.</li><li>Áætlunar um eflingu sveitarfélaga með auknum verkefnum, samvinnu og sameiningu.</li><li>Áætlunar um samgöngumiðstöðvar í hverjum landshluta og eflingu almenningssamgangna innan svæða út frá þeim.</li></ul> <p>Stefnu um öruggt aðgengi að háhraðafjarskiptum um land allt. Kostnaður: 25 ma.kr. á næstu 9 árum.</p>

## Umhverfissvottaðir Vestfirðir



**Markmið:** Að öll sveitarfélög á Vestfjörðum vinni saman að umhverfissvottun fyrir Vestfirði í heild sinni.

**Útfærsla:** Ráða starfsmann til að sinna verkefninu.

**Viðmið:**

Áætlun um sjálfbæra nýtingu orku, auðlinda og afurða á viðkomandi svæði.

Menningar og ferðaþjónustustefna fyrir viðkomandi svæði.

Gerð svæðisskipulagsáætlaða sem skilgreina stefnu um landnotkun á hverju svæði.

**Kostnaður:** 15. mkr. á ári

## Auðlindasjóður



**Markmið:** Fá aukna fjármuni í að efla núverandi tæki til stuðnings atvinnulífsins, s.s. Hvetjanda, Vaxvest, Markaðsstofa Vestfjarða, Atvest og Rannýba.

**Útfærsla:** En þessir auknu fjármunir munu nýtast í fjárfestingar, uppbyggingu og nýsköpun í sjávarútvegi og ferðaþjónustu.

Vestfirðir fái hlutfallslega til baka úr auðlindasjóði það sem þeir greiða í hann, fjármunirnir renni í Auðlindasjóð Vestfjarða sem hýstur er hjá FV.

**Viðmið:**

Áætlunar um eflingu sveitarfélaga með auknum verkefnum, samvinnu og sameiningu.

Stuðnings við klasasamstarf fyrirtækja þar sem skilyrði eru fyrir hendi.

Einföldunar og endurskipulagningar á stoðkerfi atvinnu- og byggðaðþróunar á viðkomandi svæði.

**Kostnaður:** 300 - 600 mkr. á ári, miðað við núverandi tillögur á hækkun auðlindagjalds

## Háskóli hafsins



**Markmið:** Að efla núverandi rannsókná-, mennta- og fræðastarf svæðisins á málefnum sem tengjast hafinu.

**Útfærsla:**

Tryggja starfsemi stofnana með því að koma í veg fyrir skerðingu á fjárframlögum.

Veita auknu fjármagn í sérhæfðar rannsóknir og þróunarverkefni sem eiga að gefa af sér beinar hagnýtar niðurstöður ásamt því að auka við þá sem starfa við slíkar rannsóknir og þróun á svæðinu. Miðlun rannsóknarniðurstaðna verði áhersluatriði.

Auknu fjármagn verði varið í að taka þátt í erlendum tengslanetum og erlendum samstarfsverkefnum sem geta eftir rannsókná-, þróunar og fræðastarf á sviðinu og skapað enn frekari margfeldisáhrif.

**Viðmið:** Stefnu um samstarf milli menntastofnana annars vegar og þekkingar- og nýsköpunarmiðstöðva hins vegar á hverju svæði.

**Kostnaður:** Ár1: 25 mkr., Ár2: 50 mkr., Ár3: 75 mkr. og Ár 4: 100 mkr. og stöðugt eftir það

## Nýtingaráætlun strandsvæða



**Markmið:** Gerð viðauka um strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði, við svæðisskipulagsáætlun. Verkefnið styður við sjálfbæra nýtingu auðlinda svæðisins.

**Útfærsla:** Áframhald tilraunaverkefnisins Nýtingaráætlun Arnarfjarðar. Fá aukið fjármagn til verkefnisins.

**Viðmið:**

Gerðar svæðisskipulagsáætlunar sem skilgreini stefnu um landnotkun á hverju svæði.

Áætlunar um sjálfbæra nýtingu orku, auðlinda og afurða á viðkomandi svæði.

**Kostnaður:** 14. mkr. 2012 og 16. mkr. 2013

## Virkjun í Hvalá



**Markmið:** Undirbúningur vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Hvalá.

**Útfærsla:** Ráða starfsmann til hagsmunagæslu, úttekta og útfærslu á verkefninu, t.d. til að meta þarfir vegna grunngerðaruppbyggingar, skoðun á atvinnuuppbyggingu innan Vestfjarða m.t.t. orkunýtingar frá Hvalá.

Starfsmaður gæti einnig nýst í eftirfylgni á öðrum orkukræfum fjárfestingarverkefnum og í vinnu við að bæta afhendingaröryggi raforku innan Vestfjarða.

**Viðmið:**

Áætlunar um sjálfbæra nýtingu orku, auðlinda og afurða á viðkomandi svæði

Stefnu um öruggt aðgengi að háhraðafjarskiptum um land allt

**Kostnaður:** 15 mkr. á ári til þriggja ára.

## Framhaldsskóladeild á Hólmavík



**Markmið:** Undirbúningur stofnunar framhaldsskóladeildar á Hólmavík.

**Útfærsla:** Ráða starfsmann til undirbúningsvinnu og þarfagreiningar vegna stofnunar deildarinnar með það að markmiði að viðkomandi aðili taki við rekstri deildarinnar.

**Viðmið:** Vinnumarkaðs- og menntaáætlaða viðkomandi svæðis sem taki mið af þörfum beggja kynja.

**Kostnaður:** 15 mkr. í eitt ár, 35 mkr. til reksturs á hverju ári.

### Sjávarfallavirkjun - Þorskafjörður



Markmið: Að kanna ítarlega hagkvæmni á sjávarfallavirkjun í Þorskafirði.

Útfærsla: Samstarf við Vesturorku sem vinnur að fjármögnun verkefnisins meðal annars með hlutafjáraukningu, fjármagn rennur til kaupa sérfræðiráðgjöf varðandi umhverfisþætti, orkunýtingu og hönnun.

Viðmið: Áætlunar um sjálfbæra nýtingu orku, auðlinda og afurða á viðkomandi svæði.

Kostnaður: 40. mkr. árið 2012

### Efling heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði



Markmið: Auka og bæta þjónustu við aldraða á starfssvæði stofnunarinnar og þar með styrkja rekstrargrundvöll hennar.

Útfærsla: Breyting á rekstrarformi og fjölgun dagryma, koma upp hjúkrunarheimili og félagsaðstöðu.

Viðmið: Áætlunar um eflingu sveitarfélaga með auknum verkefnum, samvinnu og sameiningu.

Kostnaður: 250 mkr. skipt niður á 3 ár. Mótframlag frá Vesturbyggð.

### Varmadæluinnleiðing



Markmið: Lækkun húshitunarkostnaðar í þéttbýli.

Útfærsla: Ráða starfsmann/kaupa ráðgjöf til að vinna að úttekt á hagkvæmni verkefnisins.

Viðmið: Áætlunar um sjálfbæra nýtingu orku, auðlinda og afurða á viðkomandi svæði.

Kostnaður: 20 mkr. til eins árs.

### Forgangsröðun skv. punkttagjöf



1. Sókn í samgöngum Vestfjarða
2. Auðlindasjóður
3. Virkjun í Hvalá
4. Framhaldsskóladeild á Hólmavík
5. Umhverfisvottun Vestfjarða
6. Háskóli hafsins
7. Efling heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði